

## 13. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Föstudaginn 14. maí 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 8:30.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Alexandra Jóhannesdóttir

*Frá Blönduósbað:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Jón Örn Stefánsson.

*Frá Skagabyggð:* Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningar sveitarfélaganna

Stutt kynning og umræða um ársreikninga sveitarfélaganna vegna ársins 2020.

Róbert fór yfir uppfærða samantekt á ársreikningum og áætlunum sveitarfélaganna. Rætt um áhrif byggðasamlaga á skuldastöðu og rekstur. Ákveðið að taka saman upplýsingar um skuldir byggðasamlaga og setja fyrirvara um að þær séu ekki inni í samantektinni.

#### 2. Kynningarefni

Farið yfir texta kynningarbæklings og gerðar tillögur að breytingum. Staða annars kynningarefnis kynnt og rætt um greinaskrif.

Halldór vék af fundi kl. 9:30.

#### 3. Skipulag íbúafunda

Farið yfir stöðu mála varðandi undirbúning íbúafunda og skráningu. Rætt hefur verið við tæknimann til að aðstoða við fundina.

#### 4. Næsti fundur samstarfsnefndar

Næsti fundur fer fram 19. maí kl. 19:00 í félagsheimilinu á Blönduósi.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 09:50.